

08.412
NT-þriðjudagur
11. júní 1985



■ Gefa fegurðarsamkeppnir fallegum stúlkum ómetanleg tækifæri til að sjá sig um í heiminum og öðlast lífsreynslu?

TN-mynd: Ari.

Umræðuþáttur um fegurðarsamkeppnir

■ Í kvöld kl. 22.05 hefst umræðuþáttur í beinni útsendingu í sjónvarpi undir umsjón Einars Arnar Stefánssonar fréttamanns. Umræðuefnið er fegurðarsamkeppnir.

Sem kunnugt er eru skoðanir mjög skiptar um ágæti fegurðarsamkeppna. Sumir halda fram þeirri skoðun að hér sé um saklausa skemmtun að ræða, sem í besta falli gefi ungum fallegum og hæfileikaríkum stúlkum tækifæri til að koma sér áfram í veröldinni. Aðrir, og sú skoðun á sér einkum hljómgrunn meðal kvenna, líta svo á, að hér sé ekki einungis um algert hegðingarmál að ræða, heldur sé hreinlega verið að svívirða konur með þessum uppákomum.

Vafalaust eiga bæði þessi sjónarmið sér málsvara í þættinum í kvöld en viðmæl-

■ Eða eru fegurðarsamkeppnir konum til háðungar?

NT-mynd: Árni Bjarna

endur Einars Arnar eru Baldvin Jónsson, en hann veitir forstöðu fegurðarsamkeppninni hér á landi, María Jóhanna Lárusdóttir, ein þeirra kvenna

sem mættu á borgarstjórnarfund á dögunum, Theódóra Þórðardóttir, Fegurðardrottning Íslands 1963 og séra Baldur Kristjánsson.

